

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfissviðs Mosfellsbæjar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið að allur akstur vélknúinna ökutækja verði bannaður um vegslóða og utan vegar í Úlfarsfelli í landi Mosfellsbæjar. Bannið gildir ekki um einkaveg sem liggur að Bjarnahvammi í fjallinu austanverðu. Bannið gildir allt árið.

Bannið er táknað með umferðarmerkinu B01.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

F.h. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 21. febrúar 2017,

Jón H.B. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2017